

bænda
FERÐIR

FENEYJAR, FLÓRENS & RÓM



11. - 19. október 2026

Fararstjórn: Einar Garibaldi Eiríksson

Haut 12
Ítalía

Ferðalýsing

Í þessari ferð heimsækjum við „hina heilögu þrenningu“ helstu listaborga á Ítalíu; þeirra **Feneyja, Flórens** og **Róm**, þar sem við komumst í nána snertingu við menningu og sögu þessara einstöku borga. Hér „grípum við daginn“ og njótum ódauðlegra listaverka í heillandi umhverfi, á sama tíma og við kynnumst sérstakri sögu og margslungnum töfrum hvernar borgar fyrir sig. Í Feneyjum látum við okkur líða um iðandi stræti og torg, um leið og við heillumst af íburðarmiklum kirkjum, skrautlegum heldrimannahöllum, rómantískum síkjum og brúm. Við heimsækjum **Markúsarkirkjuna**, eina merkustu kirkjubyggingu veraldar, virðum fyrir okkur **Hertogahöllina** og horfum yfir **Stórasíki** þar sem fortíðin endurspeglast til okkar á vatnsyfirborðinu. Frá Feneyjum ferðumst við til borganna Flórens og Róm með hraðlestum og njótum hins fagra landslags Ítalíuskagans á leið okkar. Í hjarta endurreisnarinnar, Flórens, er auðvelt að láta „fegurðina bera sig ofurliði“, því hér vitna söfnin, ríkmannleg torgin, jafnt sem opinberar byggingar, um gengna snillinga á borð við **Giotto, Botticelli** og **Michelangelo**. Niður aldanna talar til okkar á notalegri gönguferð í gegnum miðborgina, þar sem gangan yfir **Gömlu brú**, út á **Ráðhústorg** og undir hina stórbrotnu hvelfingu **Dómkirkjunnar** lætur engann ósnortinn. Ferðin endar í **Róm**, „borginni eilífu“, þar sem saga og trú mætast á svo einstakan hátt. Engin borg í heiminum er eins rík af fornminjum og Róm og hér verða margir áhugaverðir staðir skoðaðir, allt frá hinni **Fornu Róm** til **Páfagarðs**, frá **Hringleikahúsinu** til sjálfrar **Péturskirkjunnar**, að ógleymdum **Spænsku tröppunum** og **Treví-gosbrunnins** í hjarta borgarinnar. Þessi heillandi ferð er meira en bara heimsókn til þriggja borga, hér er farið í einstakt ferðalag í gegnum hjarta menningar, listar og arfleiðar Evrópu.

9 dagar | 8 nætur

2 nætur Feneyjar | 3 nætur Flórens | 3 nætur Róm



11. október | Flug til Feneyja

Brottför frá Keflavík kl. 08:20 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Feneyjum kl. 15:00 að staðartíma. Héðan siglum við yfir Feneyjarlónið og á hótelið okkar þar sem gist verður í tvær nætur. Við byrjum á því að koma okkur fyrir á gististað og höldum síðan í stutta göngu til Rialto brúnnar og Canal Grande til að kynnst betur aðstæðum og umhverfi okkar í Feneyjum.

12. október | Feneyjar

Við hefjum þennan dag á góðri morgungöngu um borgina. Á rölti okkar með fram síkjum og yfir brýr, verður á vegi okkar allt það sem gerir Feneyjar að einum eftirsóttasta ferðamannastað álfunnar. Á milli 118 eyja og yfir 400 brúa opnast heimur þar sem vatnið speglar



söguna og við kynnumst og fræðumst um helstu kennileiti borgarinnar. Við skoðum Markúsarkirkjuna, eina merkilegustu kirkjubyggingu veraldar sem minnir helst á höllina úr ævintýrinu Þúsund og ein nótt. Við göngum yfir Markúsartorgið og virðum fyrir okkur Hertogahöllina og síðan áfram til Ponte dell'Accademia brúnnar og Canal Grande þar sem gefur að líta einar 200 glæsilegar hallir. Frjáls eftirmiðdagur og sameiginlegur kvöldverður á veitingastað í nágrenni hótelsins.

13. október | Flórens

Eftir huggulegan morgunverð höldum við í þægilega lestarferð til Flórens, höfuðstaðs Toskana héraðsins. Leiðin, sem tekur um tvær klukkustundir, þykir ein sú fegursta á Ítalíu. Flórens er afar heillandi borg, oft kölluð hjarta endurreisnarinnar, þar sem saga og listir mætast í hverri andrá. Götur borgarinnar eru eins og lifandi safn, þar sem marmaraskúlptúrar og freskur segja okkur sögur um snillinga fortíðarinnar. Í miðborginni rís svo Dómkirkjan með sinni stórbrotnu hvelfingu og við Piazza della Signoria torgið má finna fyrir andrúmsloftinu sem mótað hefur heimsmenningu borgarinnar. Fáar borgir komast í hálfkvist við Flórens en ótrúlegt er að slíkur fjöldi fágætra listaverka í bland við handverksbúðir finnist á jafn litlu svæði. Að lokinni notalegri göngu okkar um miðborgina er sameiginlegur kvöldverður á veitingastað.



14. október | Vagga endurreisnarinnar



Við hefjum daginn á heimsókn í Lárentínusarkirkjuna, en þar er að finna Medici kapelluna, grafhýsi sem ber vitni um mikilfengleika og listræna sýn Medici fjölskyldunnar. Grafhýsið var hannað og byggt af ítalska listamanninum og arkitektinum Michelangelo. Eftir að hafa skoðað verk hans þar höldum við til Galleria dell'Accademia, sem er eitt af frægari listasöfnum á Ítalíu. Hér stendur hin goðsagnarkennda stytta, Davíð, einnig

eftir Michelangelo, sem tákn fullkomnunar í höggmyndalist endurreisnartímans. Á safninu er einnig að finna mörg önnur áhugaverð verk sem sýna þróun ítalskrar listar og mótuðu menningu Evrópu. Að lokinni skoðunarferð okkar um listræna arfleið Flórens borgar gefst kærkomið tækifæri til að ganga um götur miðborgarinnar.

15. október | Frjáls dagur í Flórens

Hver kannast ekki við snillinga á borð við Leonardo da Vinci, Michelangelo, Botticelli, Galileo Galilei, Dante og Machiavelli? Allir mörkuðu þeir spor sín í menningar- og listasögu Flórens. Í Santa Maria Novella er elsta apótek Evrópu sem er áhugavert að skoða og ekki má gleyma glæsilegustu höll borgarinnar, Palazzo Pitti, ásamt hinum yndislega Boboli garði að baki hennar. Einnig er heimsókn í Galleria degli Uffizzi listasafnið ógleymanleg. Safnið, sem er eitt glæsilegasta listasafn landsins, var áður stjórnsýsluhús en er nú málverkasafn með 4.500 verkum sem sýna þróun menningar í Flórens og málralistar í Feneyjum. Fyrir þá sem vilja heimsækja Uffizzi safnið mælum við með að fólk kaupi sér miða á vefnum tímanlega. Kaupmenn borgarinnar eru á sínum stað og leggja sitt af mörkum til að gera þetta að ógleymanlegum degi.



16. október | Róm

Við höldum nú í aðra áhugaverða lestarferð, að þessu sinni til Rómar. Ferðin tekur um eina og hálfa klukkustund og við njótum heillandi landslags Toskana héraðsins þar sem vínekrur og lítil þorp líða hjá eins og í málverki. Við komum okkur fyrir á góðu hóteli miðsvæðis í Róm og um það leyti sem dagurinn hnígur og borgin klæðist gullnum skugga, höldum við í notalega gönguferð um nágrennið. Hér opnast Róm okkur eins og kvikmynd frá fortíðinni. Við byrjum á því að ganga að Trajanusar-súlunni og Minnismerki Viktors Emanúels, síðan þræðum við okkur inn í miðborgina, að Pantheon hofinu og til Treví-brunnisins, stærsta barokkbrunni borgarinnar. Hin þekhta kvikmynd, La Dolce Vita, gerði brunninn að alþjóðlegu tákni rómantíkur og ítalskrar menningar. Þessari ógleymanlegu stund ljúkum við svo við Spænsku tröppurnar og hverfinu í kringum verslunargöturnar Via del Corso og Via dei Condotti, þar sem við finnum sjarmann af áhugaverðum veitingastöðum og iðandi mannlífi sem hefur heillað margan listamanninn og kvikmyndastjörnurnar.



17. október | Hin forna Róm



Í dag förum við í heillandi og áhrifaríkt ferðalag í gegnum söguna. Við hefjum för okkar á heimsókn í hið stórbrotna hringleikahús, Colosseum, þaðan sem skoðunarferðin heldur áfram í gegnum Rómartorgin, Foro Romano, og alla leið upp á Palatínhæð, þangað sem má rekja hið goðsagnarlega upphaf hins forna Rómarveldis. Við göngum áfram hjá leikhúsi Marcellusar, Teatro Marcello, og í gegnum gamla gyðingahverfið, Ghetto,

allt til Blómatorgsins, Campo dei Fiori, þar sem fáum okkur verðuga hressingu á

einhverjum af þeim fjölmörgu veitingastöðum sem umkringja hinn líflega og rómaða útmarkað við torgið. Sameiginlegur kvöldverður á veitingastað.

18. október | Borgin helga

Í dag heimsækjum við helga staði kristinnar og Vatíkansins. Við hefjum daginn á heimsókn í Vatíkansafnið, þar sem okkar bíður einstök upplifun frammi fyrir stórbrotnum veggmyndum meistara Rafaels og Michelangelos í Sixtínsku kapellunni. Héðan höldum við áfram í Péturskirkjuna, þar sem við höldum áfram að skoða heillandi meistaraverk ólíkra tíma. Við ljúkum skoðunarferðinni með því að ganga niður að Castel Sant'Angelo, grafhýsi Hadrianusar keisara, þar sem við förum yfir Tíber-fljót á Ponte Sant'Angelo brúnni og inn á Piazza Navona torgið. Að loknum hádegisverði gefst góður tími til að njóta „borgarinnar eilífu“ á eigin spýtur. Hér erum við í hjarta miðborgarinnar þar sem sagan býr við hvert fótstíga og ariktektúr borgarinnar spannar yfir 2500 ár. Fyrir utan fornar byggingar má sjá kirkjur og kapellur, hallir, leikhús, torg og minnismerki byggð með einkennandi stíl endurreisnartímans og barrokk tímabilsins. Hægt er að skoða nánar þær perlur sem við höfum kynnst nú þegar eða röltu um og njóta líðandi stundar.



19. október | Flug frá Róm

Nú er komið að heimferð eftir glæsilega og viðburðaríka ferð. Brottför frá Rómarflugvelli er kl. 15:45 og landing í Keflavík kl. 18:35 að staðartíma.

Athugið að fararstjóri getur fært til dagskrárliði eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

499.900 kr. á mann í tvíbýli | 179.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á hótélum.
- ✓ Þrír kvöldverðir.
- ✓ Aðgangur í Markúsarkirkjuna.
- ✓ Aðgangur í Galleria dell'Accademia safnið.
- ✓ Aðgangur í Medici kapelluna.
- ✓ Aðgangur að Colosseum.
- ✓ Aðgangur í Vatíkanið og í Sixtínsku kapelluna.
- ✓ Ferðir á milli borga í hraðlest.
- ✓ Rútuferð frá lestarstöð á hótél.
- ✓ Allar skoðunarferðir samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangur að Uffizzi listasafninu. Við mælum með að fólk kaupi sér miða á vefnum tímanlega. <https://www.uffizi.it/en/tickets>
- ✓ Aðgangseyrir inn í hallir, kirkjur og söfn, að undanskildum þeim sem eru undir innfalið.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Fimm kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.



Frekari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir, þá má ævinlega búast við einhverri göngu tengdum skoðunarferðunum.

Farþegar þurfa að geta komist leiðar sinnar óstuddir, því aðgengi getur verið misjafnt, gönguleiðir ójafnar, ásamt því að gjarnan þarf að leggja rútum mislangt frá áfangastöðum. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.

Hótél

Í ferðinni er gíst á vönduðum fjögurra stjörnu hótélum í hjarta borganna sem við heimsækjum. Öll kappkosta þau sig við að bjóða gestum sínum upp á úrvals þægindi og þjónustu, ásamt því að vera innan seilingar við helstu kennileiti, verslanir, veitingastaði og aðra nauðsynlega þjónustu.

- ✓ Feneyjar – Hotel Cavalletto & Doge Orsello
- ✓ Flórens – Hotel Atlantic Palace
- ✓ Róm – Hotel Rome Times